



15.-19. MAÍ 2023

FÖSTUDAGSMOLINN

Framundan

Vortónleikar Tónlistarskólans

15. OG 17. MAÍ

Tónlistarskólinn gerir upp starf vetrarins með þrennum tónleikum í næstu viku í sal skólans.

Fram koma samspilshópar, barnakór, hljóðfæra - og söngnemendur tónlistarskólans.

Í grófum dráttum skiptast tónleikarnir þannig:

15. maí kl. 17:00 koma fram barnakór, strengir og blokkflautur

15. maí kl. 18:00 koma fram flautur, söngnemendur og píanónemendur

17. maí kl. 17:00 koma fram trommunemendur, gítarnemendur, ukulele og píanónemendur.

Allir eru velkomnir að koma og hlusta á tónlistariðkendar í okkar héraði.



Mánudagur 15. maí - nemendur mæti með skóladót í öðru en skólatöskum.

Matseðill: Fiskibollur, kartöflur, karrý grjón, salat og grænmeti.

- Vortónleikar kl 17 og 18.

Þriðjudagur 16. maí - nemendur mæti með hatt og/eða sólgleraugu

Matseðill: Lasagna (nautakjöt), salat og grænmeti, grænmetislasagna.

- Fyrirlestur með Sigu Dögg fyrir foreldra og starfsfólk kl 17:00 í stofu 9. bekkjar.

Miðvikudagur 17. maí - náttfatadagur

Matseðill: Fiskréttur, hrísgrjón, salat og grænmeti

- Morgunsöngur kl 8:20
- Sigga Dögg með fræðslu fyrir 7.-10. bekk
- Vortónleikar kl 17.


Fimmtudagur 18. maí - Uppstigningardagur

Matseðill:

Föstudagur 19. maí - hinn föstudagur, allir að mæta spariklæddir.

Matseðill: Grænmetis metalíur, bátakartöflur, salat og grænmeti.

Valla og Pálína fóru nýverið í Borgarnes þar sem Valla kláraði grunnpróf í píanóleik. Prófdómarninn kom frá Reykjavík til að hlýða á Völlu spila sem stóð sig með miklum sóma.



AD FRUMKVÆÐI NEMENDA ER SIGGA DÖGG KYNFRÆÐINGUR AD KOMA MEÐ FRÆÐSLU Í SKÓLANN FYRIR NEMENDUR 7.-10. BEKKJAR, STARFSFÓLK OG FORELDRA. VIÐ HVETJUM ALLA FORELDRA AD SKRÁ SIG Á FYRIRLESTURINN SEM ER Í BOÐI SKÓLANS OG LIÐUR Í AUKINNI KYNFRÆÐSLU SEM NEMENDUR HAFA VERIÐ AD KALLA EFTIR. HÆGT ER AD SKRÁ SIG MEÐ PVÍ AD ÝTA HÉR. NEMENDUR PURFA EKKI AD SKRÁ SIG, FRÆÐSLAN PEIRRA ER Í SKÓLANUM Á MIÐVIKUDAG.



1. bekkur fækk reiðhjólma hjálma að gjöf


KIWANISKLÚBBARNIR DRANGEY OG FREYJA Á SAUÐÁRKRÓKI GEFA ÖLLUM BÖRNUM Í 1. BEKK Á STRÖNDUM OG NORÐURLANDI VESTRA REIÐHJÓLAHJÁLMA.

Eins og undanfarin ár afhenda Kiwanisklúbbarnir Drangey og Freyja á Sauðárkróki öllum börnum á Ströndum og Norðurlandi vestra reiðhjólma hjálma.

Kiwanisklúbbarnir Drangey og Freyja vilja með þessu móti leggja sitt af mörkum til að auka öryggi barna í umferðinni. Verkefnið er unnið í samvinnu við lögregluna á þessu svæði. Var nemendum boðið að koma með hjólið sitt við Félagsheimilið þar sem afhending fór fram. Klúbbfélagar buðu svo upp á grillaðar pylsur og meðlæti. Að sjálfsögðu skemmtu nemendur sér konunglega og allir í skýjunum með þessa frábæru gjöf.



4. bekkur skellti sér í stærðfræði úti í góða veðrinu sem kíkta aðeins við í vikunni



Innritun í Tónlistarskóla Húnaþings vestra

UMSÓKN UM SKÓLAVIST FYRIR VETURINN 2023 - 2024 ER HAFIN!

Við bjóðum upp á nám á píanó, gítar, bassa, ukulele, trommur, þverflautu, fiðlu, selló, kontrabassa, klassískan söng og kirkjuorgel.

Auk þessa verður hægt að skrá sig í rytmískan söng þar sem kennt verður í litlum hópum og nemendur læra að radda og syngja í míkrafón og taka upp tónlist.

Við viljum einnig bjóða upp á forskóla í leikskólanum þar sem 4-5 ára börnum væri boðið upp á tónlistarnám í gegnum söng og ýmsa leiki.

Tækifæri fyrir eldri nemendur - hvernig væri að taka fram flautuna, hornið, trompetinn eða bara söngroddina og skrá sig í tíma í meðleik (undirleik)?

Tónlistarnám er fyrir alla óháð aldri 😊

Umsóknum þarf að skila skriflega til skólastjóra á netfangið: palinaf@skoli.hunathing.is

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í umsókninni:

Nafn nemanda og kennitala

Heimilisfang og símanúmer

Hljóðfæraval (þ.m.t. söng, meðleikur, forskóli)

Námshlutfall - hálf (30 mín. á viku)

2/3 nám sem er nýtt fyrir yngri byrjendur (2 x 20 mín. á viku)

Fullt nám (60 mín. eða 2 x 30 mín.)

Nafn og símanúmer foreldra/forráðamanna þar sem við á og nafn/kt greiðanda.

Endilega hafið samband ef þið viljið frekari upplýsingar eða spjall um nám við skólann. Hægt er að hitta mig í skólanum eða senda póst á palinaf@skoli.hunathing.is eða hringja í síma: 8677159

Hlökkum nú þegar til næsta skólaárs!

Pálína F. Skúladóttir

skólastjóri

Við viljum senda öllum frábæru unglingunum okkar sem lögð hönd á plóg við framkvæmd Miðstigsleikanna miklar þakkir fyrir. Frábærar fyrirmyndir fyrir okkur öll og ykkar þátttaka gerði daginn ennþá skemmtilegri fyrir bæði nemendur og starfsfólk.

